

Fylgiskjal 1: Gjaldskrár Reykjavíkurborgar er lítur að börnum.

Niðurgreiðsla til dagforeldra

Í reglum um niðurgreiðslu vegna daggæslu¹ kemur fram að niðurgreiðsla er greidd til dagforeldra til lækkunar á daggæslugjöldum foreldra. Niðurgreitt er fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Niðurgreitt er þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur, ef öllum skilyrðum niðurgreiðslu er fullnægt.

Hærri niðurgreiðsla veitt vegna:

1. Barna námsmanna sem bæði uppfylla ákveðin skilyrði.
2. Barna einstæðra foreldra sem eru skráðir einstæðir í þjóðskrá , þ.e. að barn þarf að vera skráð á sama fjölskyldunúmer og lögheimili og umsækjandi/foreldri.
3. 75% örorku foreldra sem eru óvinnufærir vegna sjúkdóma eða slysa og eru staðfestri endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað. Systkina
4. Ef systkini eru hjá dagforeldri greiðist viðbótargreiðsla skv. ákvörðun borgarráðs –
5. Starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar sem eru að lágmarki í 70% starfi eða 50% starfi til að fá hærri niðurgreiðslur fyrir barn í hálfsvistun.

Upphæð niðurgreiðslna fer eftir tveimur flokkum:

Flokkur 1: Giftir foreldrar, sambúð

Flokkur 2: Einstæðir foreldrar, hjón og sambúðarfólk – báðir foreldrar í námi, annað eða báðir foreldrar öryrkjar, starfsmenn leikskóla sem sækja um lægra gjald.

Dæmi: Niðurgreiðsla í flokki 1 vegna barns sem dvelur í 8-klst á dag hjá dagforeldri er 64.916 á mánuði en 88.887kr. í flokki 2.

Ef systkini eru hjá dagforeldri greiðist viðbótargreiðsla skv. ákvörðun borgarráðs hverju sinni.

2.2.7 Leikskólagjöld

Í reglum um leikskólaþjónustu² kemur fram að skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. Þjóðskrá) og föst búseta sé í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokallað námsgjald. Einnig greiða foreldrar

¹ Reglur um niðurgreiðslu vegna daggæslu <https://reykjavik.is/reglur-um-nidurgreidslu-vegna-daggaeslu>

² Reglur um leikskólaþjónustu https://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_um_leikskolathjonustu.01.08.2015.pdf

hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokallað fæðisgjald. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni leikskólagjöld. Fjárhæð námsgjalds, fæðisgjalds og systkinaafsláttar á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar³.

Upphæð niðurgreiðslna fer eftir tveimur flokkum:

Flokkur 1: Giftir foreldrar, sambúðarfólk, annað foreldri í námi.

Flokkur 2: Einstæðir foreldrar, báðir foreldrar í námi, annað eða báðir foreldrar öryrkjar, starfsmenn leikskóla Rvk.

Dæmi: Leikskólagjöld í flokki 1 vegna átta klst. dvalar er 26.616 kr. en 17.688 kr. í flokki 2.

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar, eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla, er veittur 75% afsláttur vegna annars barns en 100% vegna þriðja og fjórða barns af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin. Veittur er systkinaafsláttur milli dagforeldra, leikskóla og frístundaheimila/frístundaklúbba þannig að 50% afsláttur er á gjöldum á frístundaheimili/frístundaklúbbs ef barnið á systkini á leikskóla eða hjá dagforeldri. Systkinaafsláttur reiknast sjálfkrafa. Ekki er þörf á að sækja sérstaklega um hann.

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar

Frístundaheimili eru starfrækt við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar. Þar er 6 - 9 ára börnum boðið upp á fjölbreytt tólmstundastarf eftir að skóladegi lýkur. Á foreldradögum, starfsdögum og í jóla- og páskafríum skólanna eru heimilin opin frá kl. 8:00 nema annað sé tekið fram. Þjónustan er fyrir 6-9 ára börn sem eru skráð í grunnskóla Reykjavíkurborgar og börn í 1. -10. bekk í Klettaskóla. Leitast er við að bjóða upp á spennandi viðfangsefni sem veita börnum útrás fyrir leik- og sköpunarþörf. Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Þjónusta við börn með sérþarfir er skipulögð í hverju frístundaheimili fyrir sig í samvinnu við foreldra, skóla og aðra fagaðila sem tengjast börnunum

Börn sem eru að hefja skólagöngu hafa forgang um dvöl á frístundaheimilum. Enn fremur njóta börn sem búa við sérstakar aðstæður forgangs, samkvæmt starfsreglum SFS um forgang á frístundaheimili. Sérstakar aðstæður eru metnar komi tilvísun frá þjónustumiðstöð, sérkennara eða námsráðgjafa.

³ Gjaldskrá leikskóla <https://reykjavik.is/gjaldskrar/leikskolagjold-fra-1-jan-2016>

Greiðslur vegna frístundaheimila og félagsmiðstöðva er ákvörðuð af borgarráði hverju sinni⁴. Ef þjónusta er nýtt kl. 8:00-13:30 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það skv. gjaldskrá hverju sinni (2.125kr.) Þá daga geta börnin engu að síður dvalið á frístundaheimilum frá kl. 13:30 -17:00 án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

Veittur er afsláttur vegna systkina af dvalargjaldi í vetrarstarfi. Skilyrði fyrir veitingu afsláttar er að systkinin hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer hjá þjóðskrá. Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjaldi eða löngum dögum, sjá nánar í gr. 6.b í reglum um starfsemi frístundaheimila og reglum um þjónustu félagsmiðstöðva.

Dæmi: Gjald fyrir barn sem dvelur á frístundaheimili 5 daga vikunnar er kr. 18.235 kr. á mánuði.

Sérstök gjaldskrá er fyrir sumarstarf frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva. Dagskráin í sumarfrístund stendur yfir frá kl. 9:00-16:00, en hægt er að bæta við viðbótarklukkustund fyrir og eftir, þ.e. kl. 8-9 og/eða kl. 16-17. Foreldrar geta þá valið að bæta við einni eða tveimur klukkustundum og greiða þá aukalega fyrir það skv. gjaldskrá. Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar vegna systkina sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Ekki er veittur systkinaafsláttur af gjaldi vegna viðbótarstundar.

Sérstök gjaldskrá er fyrir sumarsmiðjur félagsmiðstöðva fyrir 10-12 ára og miðast hún við fjölda daga. Ekki er veittur systkinaafsláttur af gjaldi í smiðjur.

Skólamáltíðir

Foreldrar greiða einungis skólamáltíð fyrir tvö börn, önnur börn njóta 100% afsláttar. Verð fyrir skólamáltíð er 10.050 kr. á mánuði en um er að ræða jafnaðargjald.⁵

Strætó

Samkvæmt gjaldskrá Strætó frá 5. janúar 2020 greiða börn, aldraðir og öryrkjar 240 kr. ef greitt er með appi[10]. Farmiðaspjald fyrir ungmenni, 12-17 ára (20 miðar) er 3.350 kr 1.450 fyrir 6-11 ára (20 miðar). Árskort fyrir ungmenni 12-17 ára er 23.200 og árskort fyrir börn 6-11 ára er 9.100 kr.⁶

⁴ <https://reykjavik.is/gjaldskrar/fristundaheimili-gjaldskra>

⁵ <https://reykjavik.is/gjaldskrar/verd-maltidum-i-grunnskolum>

⁶ <https://straeto.is/uploads/files/933-ef5d77c8b7.pdf>

Sund

Stakt gjald fyrir börn í sund í Reykjavík er 160 kr. en 10 miða kort barna kostar 1.060 kr. Sex mánaða kort fyrir börn er 6.750 kr. og árskort barna er 10.900 kr. [11] 0-5 ára börn fá frítt í sund⁷.

Frístundakortið

Frístundakortið í Reykjavík er styrkjakerfi fyrir börn og ungmenni frá 6 -18 ára aldri með lögheimili í Reykjavík. Styrkurinn er 50.000 kr. á barn. Ekki er um beingreiðslu til forráðamanna að ræða, heldur hafa þeir rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum. Börn sem verða 16 ára á árinu og eldri geta nýtt frístundakortið til kaupa á líkamsræktarkorti⁸.

Menning- og listir

Í Reykjavík greiða 18 ára og yngri ekki fyrir bókasafnskort né fyrir aðgang á söfn borgarinnar. Fullorðnir greiða 6.500 kr. fyrir árskort/menningarkort og 2.000 kr. fyrir bókasafnskort. Öryrkjar og fólk á fjárhagsaðstoð fær frían aðgang að sundlaugum, söfnum og bókasafnsskýrteini án endurgjalds.

Skólahljómsveitir

Reykjavíkurborg rekur fjórar skólahljómsveitir.⁹ Hlutverk þeirra og markmið er að:

- stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar;
- jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms;
- efla félagsleg samskipti;
- efla sjálfsaga, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð;
- stuðla að aukinni tónlistarþekkingu og veita nemendum tækifæri til að koma fram;
- stuðla að tónlistaruppeldi annarra ungmenna með því að koma fram á vegum grunnskólanna.

Námsgjöld fyrir vorönn 2020 eru 14.800 kr. og hljóðfæragjald fyrir þá önn er 4.500 kr. Hægt er að nýta frístundakort Reykjavíkurborgar til að greiða hluta skólagjalda.

Fjölskyldu- og húsdýragarður

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum er að finna dýragarð, vísindaveröld, sjávardýrasafn, veitingasölu, minjagripasölu og ýmis leiktæki bæði inni og úti. Ókeypis er fyrir grunn- og

⁷ https://reykjavik.is/sites/default/files/r19010204_gjaldskrar_2020_samthykktar_5_nov_2019.pdf

⁸ https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/breytingar_a_reglum_frirstundakorts_2017.pdf

⁹ <https://reykjavik.is/thjonusta/skolahljomsveitir>

leikskóla Reykjavíkur í garðinn á skólatíma og á námskeið sem í boði eru. Garðurinn er opinn alla daga frá kl. 10:00 -17:00.

Börn 4 ára og yngri fá frítt sem og elli- og örorkulífeyrisþegar. Börn 5-12 ára greiða 700 kr. Og 13 ár og eldri 920 kr. Hægt er að kaupa árskort fyrir einstakling sem er kr. 10.600 og 20.900 kr. fyrir fjölskyldur (tveir fullorðnir og fjögur börn undir 18 ára en hægt er að bæta við fleiri einstaklingum gegn gjaldi. Hægt er að kaupa „plús við árskort“ fyrir kr. 10.600 en þá er hægt að bjóða hverjum sem er með í garðinn. Greitt er sérstaklega fyrir þau skemmtitæki sem eru í garðinum¹⁰.

Siglunes

Siglunes er ævintýramiðstöð við sjóinn þar sem krökkum gefst kostur á að finna kröftum sínum og ævintýraþrá farveg. Á sumrin er boðið uppá siglinganámskeið fyrir börn og unglunga á aldrinum 9–12 ára og siglingaklúbb fyrir 10–16 ára unglunga sem hafa áhuga og reynslu af siglingum og öðru bátasporti.

Afar rík áhersla er lögð á þjálfun starfsfólks. Starfsfólk hefur mikla þekkingu og reynslu á viðfangsefni námskeiðanna og er þjálfað í skyndihjálpi og notkun báta og búnaðar sem notaður er á námskeiðunum.

Gjaldskrá er í samræmi við ákvörðun borgarstjórnar hverju sinni.¹¹

Dæmi: Siglinganámskeið fyrir 5 hálfu daga er kr. 6.700 og Vatnasportklúbbur í 4 vikur kr. 7.650

Um Ylströndina en þangað er börnum 10 ára og yngri óheimill aðgangur nema í fylgd með syndum einstaklingi 15 ára eða eldri.

¹⁰ <https://reykjavik.is/gjaldskrar/fjolskyldu-og-husdyragardur-gjaldskra>

¹¹ <https://reykjavik.is/gjaldskrar/siglunes-gjaldskra>